



**6. fundur stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns Íslands  
miðvikudaginn 25. október 2017 kl. 12:15-14:45  
haldinn í húsakynnum safnsins að Laugavegi 162 í Reykjavík**

Fundinn sátu Guðmundur Jónsson varaformaður, sem stýrði fundinum í fjarveru Önnu Agnarsdóttur formanns, Helga Jóna Eiríksdóttir og Svanhildur Bogadóttir. Enn fremur sátu fundinn Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður og Hrefna Róbertsdóttir sviðsstjóri varðveislu- og miðlunarviðs Þjóðskjalasafns sem ritaði fundargerð. Jóhanna Gunnlaugsdóttir og Gunnar Gíslason, sem og varamenn þeirra, höfðu tilkynnt fjarveru sína, sem og Valur Ingimundarson varamaður Önnu Agnarsdóttur.

Dagskrá:

1. Staða rekstraráætlunar 2017, 1. okt. 2017.
2. Tillaga að rekstraráætlun 2018.
3. Staða starfsáætlunar 2017, 1. okt. 2017.
4. Staða vinnu við gerð reglugerðar um rekstur héraðsskjalasafns.
5. Tillaga að starfsáætlun 2018.
6. Tillaga að stefnu Þjóðskjalasafns 2018-2020.
7. Tillaga að rekstrarframlagi héraðsskjalasafna 2018
8. Staða verkefnastyrkja til héraðsskjalasafna 1. okt.
9. Tvö verkefni: a. Skönnunarverkefnið. b. Frágangur þrotabúa.
10. Fréttir af húsnæðismálum.
11. Frágangur fundargerðar.

Guðmundur Jónsson, varaformaður stjórnarnefndar, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Síðan var gengið til boðaðrar dagskrár. En áður gat Guðmundur þess að mennta- og menningarmálaráðuneyti hefði skipað Val Ingimundarson varamann í stjórnarnefnd safnsins í kjölfar þess að Anna varð formaður.

**1. Staða rekstraráætlunar 2017, 1. okt. 2017.**

Þjóðskjalavörður fór yfir stöðu rekstraráætlunar 2017 miðað við rauntölur í lok september. Samkvæmt spá um rekstrarafkomu 2017 er gert ráð fyrir að flytja kr. 3.5 m.kr. yfir á árið 2018. Gert er ráð fyrir í áætlun að eftir verði að greiða héraðsskjalasöfnum hluta af veittum styrk að upphæð kr. 2.000.000. Skýring á því er að verkefnum er ekki lokið. Samkvæmt rekstraráætlun er gert ráð fyrir þeirri greiðslu í janúar 2018 undir liðum rekstrarkostnaður, tilfærslur. Sértekjur vegna ársins 2017 eru 8,2% lægri en áætlað var, einkum vegna þess að ekki fengust verkefni við flokkun skjalasafns sem gert var ráð fyrir.

Til máls tóku Guðmundur Jónsson, Svanhildur Bogadóttir og Eiríkur Guðmundsson.



## 2. Tillaga að rekstraráætlun 2018.

Þjóðskjalavörður fór yfir tillögu safnsins að rekstraráætlun 2018. Framlag ríkissjóðs er áætlað 381.300.000 kr. Það er smávægileg hækkun miðað við fyrra ár, einkum vegna hækkunar verðlags og launa. 33,4 m.kr. eru framlög til héraðsskjalasafna, 15,2 m.kr. í rekstur og 16,2 í miðlunarstyrki.

Í fjárlögum fyrir árið 2018 er gert ráð fyrir sértekjum 42,2 m.kr., en í rekstraráætlun er gert ráð fyrir sértekjum 59,2 m.kr. Samkvæmt áætlun er gert ráð fyrir að sértekjur aukist um 32,6% milli ára. Auknar sértekjur milli ára má skýra með meiri vinnu fyrir Óbyggðanefnd og auknum tekjum vegna frágangs á eldri skjalasöfnum. Auk þess er gert ráð fyrir styrk að upphæð 8,0 m.kr. vegna útgáfu og vinnu við þrjú bindi af skjölum Landsnefndinni fyrri 1770–1771. Á móti þessum útgjöldum er kostnaður. Ársskýrsla fyrir árið 2016 verður gefin út á næstunni.

Til máls tóku Guðmundur Jónsson, Svanhildur Bogadóttir, Helga Jóna Eiríksdóttir og Eiríkur Guðmundsson.

## 3. Staða starfsáætlunar 2017, 1. okt. 2017

Þjóðskjalavörður gerði grein fyrir stöðu starfsáætlunar ársins 2017. Starfsáætlun ársins byggir á stefnumótun Þjóðskjalasafns og sést staðan í útsendu skjali frá 25. október. Í því er gerð grein fyrir stöðu verkefna, og verður sumum verkefnum frestað fram á næsta ár. Meira var inni í áætluninni en raunsætt var að ná og er mikill skortur á sérfræðingum til starfa á safninu.

Til máls tóku Guðmundur Jónsson, Svanhildur Bogadóttir, Helga Jóna Eiríksdóttir og Eiríkur Guðmundsson.

## 4. Staða vinnu við gerð reglugerðar um rekstur héraðsskjalasafns

Þjóðskjalavörður lagði fram minnisblað um stöðu vinnu við gerð reglugerðar fyrir héraðsskjalasöfn. Mennta- og menningarmálaráðuneytið óskaði eftir að Þjóðskjalasafn sæi svo um framkvæmd sjálfstæðs umsagnarferils á drögum að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafns. Í apríl 2017 voru drögin tilbúin í umsagnarferli. Þau voru þau send þann 8. maí til umsagnar til allra héraðsskjalasafna, sveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Alls fengu 95 aðilar drögin til umsagnar. Fundur til kynningar á drögum haldinn í Þjóðskjalasafni 15. maí.

Umsagnarfrestur var framlengdur til 23. júní. Samtals bárust 19 umsagnir frá 44 aðilum. Margar umsagnir voru frá fleiri en einum aðila og í sjö tilfellum sendi sami aðili tvær umsagnir í samstarfi við aðra. Umsagnir bárust frá öllum 20 héraðsskjalasöfnum en að baki þeim standa 54 sveitarfélög. 20 sveitarfélög, eða stofnanir þeirra aðrar en héraðsskjalasöfn, sendu inn umsagnir. Engin umsögn barst frá þeim 20 sveitarfélögum sem ekki eru aðilar að héraðsskjalasafni.



Úrvinnsla umsagna hófst í Þjóðskjalasafni strax að loknum umsagnarfresti. Í umsögnunum 19 voru um 250 athugasemdir við reglugerðardrögin, margar þær sömu. Þjóðskjalasafn stefnir að því að ljúka úrvinnslu umsagna á næstu vikum. Þá verða umsagnirnar ásamt tillögum að breytingum á reglugerðardrögunum sendar mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Bréf var lagt fram frá sex héraðsskjalasöfnum (héraðsskjalasöfnunum í Mosfellsbæ, Kópavogi, Austur Skaftafellssýslu, Akranesi, Árnessýslu og Dalasýslu) sem sent var til allra nefndarmanna í stjórnarnefndinni og varamanna dags. 23. júní 2017, undirritað af Hrafn Sveinbjarnarsyni í nafni safnanna. Helga Jóna Eiríksdóttir óskaði eftir að bókað yrði að í þessu bréfi væri rangt farið með málefni Brunabótafélags Íslands og afhendingu gagna og fleiri mál sem tengjast Þjóðskjalasafni. Formaður lagði til að Þjóðskjalasafn skýri afstöðu sína til þeirra þátta sem komu fram í bréfinu fyrir stjórnarnefnd og öðrum sem fengu bréfið.

Til máls tóku Guðmundur Jónsson, Svanhildur Bogadóttir, Helga Jóna Eiríksdóttir og Eiríkur Guðmundsson.

#### **5. Tillaga að starfsáætlun 2018**

Þjóðskjalavörður kynnti starfsáætlun Þjóðskjalasafns fyrir árið 2018. Þar koma fram þau efni sem frestað var frá síðasta ári auk annarra forgangsmála. Hann ræddi m.a. um fyrirhugaðar breytingar á lestrarsalnum, gjaldskrár, miðlunarmál, norræna skjaladaga og fleira. Formaður lagði til að hugað verði að upplýsingaefni fyrir almenning. Svanhildur Bogadóttir vakti máls á mikilvægi sameiginlegrar tölfræði fyrir öll opinber skjalasöfn.

Til máls tóku Guðmundur Jónsson, Svanhildur Bogadóttir, Helga Jóna Eiríksdóttir og Eiríkur Guðmundsson.

#### **6. Tillaga að stefnu Þjóðskjalasafns 2018–2020**

Þjóðskjalavörður kynnti tillögu að þriggja ára stefnu Þjóðskjalasafns fyrir tímabilið 2018–2020. Þessi stefna er lögð fram á grundvelli verklags frá ráðuneytinu þar sem dregin eru fram þrjú meginmálefni, ásamt mælanlegum mælikvörðum og aðgerðum út frá stefnu ráðuneytisins í safnamálum. Þetta er í annað skiptið sem þriggja ára áætlun er lögð fram. Ýmis málefni sem eru í stefnu Þjóðskjalasafns koma því ekki fram í þessari áætlun.

Til máls tóku Guðmundur Jónsson, Svanhildur Bogadóttir, Helga Jóna Eiríksdóttir og Eiríkur Guðmundsson.

#### **7. Tillaga að rekstrarframlagi héraðsskjalasafna 2018**

Þjóðskjalavörður greindi frá því að tillaga að framlögum til héraðsskjalasafna úr ríkissjóði væru kr. 31.400.000, sem væru ætlaðir til rekstrarstyrkja og verkefnastyrkja. Þjóðskjalasafni Íslands var falið að úthluta styrkjunum. Rekstrarstyrkir skv. því nema kr. 15.200.000 og



verkefnastyrkir nema kr. 16.200.000. Yfirlit var lagt fram um áætlaða skiptingu rekstrarframlaga miðað við verklag síðastliðinna ára. Svanhildur Bogadóttir vakti athygli á að þörf væri á að endurskoða flokkun á bak við skiptingu rekstrarframlagsins.

Til máls tóku Guðmundur Jónsson, Svanhildur Bogadóttir, Helga Jóna Eiríksdóttir og Eiríkur Guðmundsson.

#### **8. Staða verkefnastyrkja til héraðsskjalasafna 1. okt. 2017**

Þjóðskjalavörður lagði fram yfirlit yfir styrki til skönnunar og miðlunar valdra heimilda hjá héraðsskjalasöfnum árið 2017. Sótt var um 18.8 milljónir í byrjun árs og úthlutað var 15.6 milljónum. 80% upphæðarinnar voru greidd fyrir á árinu, en verkefnum er ekki enn öllum lokið og því vantar lokagreiðslur hjá sumum söfnum. Þjóðskjalavörður mun senda út samantekt um heildarumsóknir og úthlutun til nefndarmanna.

Til máls tóku Guðmundur Jónsson, Svanhildur Bogadóttir, Helga Jóna Eiríksdóttir og Eiríkur Guðmundsson.

#### **9. Tvö verkefni Þjóðskjalasafns**

##### **a. Skönnunarverkefni með FS**

Þjóðskjalavörður kynnti skönnunarverkefni safnsins sem er samvinnuverkefni við Family Search í Bandaríkjunum og hefur verið í vinnslu frá í mars 2016. Viðauki var gerður við samninginn í apríl 2017 um fjölgun skjalaflokka.

Til máls tóku Guðmundur Jónsson, Svanhildur Bogadóttir, Helga Jóna Eiríksdóttir og Eiríkur Guðmundsson.

##### **b. Frágangur þrotabúa**

Þjóðskjalavörður kynnti stöðu í frágangi þrotabúa, alls 3 hillukílómetra af gögnum. Skjölin hafa verið grófpökkuð og skráð og ákveðnum hluta er eytt sbr. almennt verklag við grisjun bókhaldsskjala. Alls er um að ræða 1500 lögaðila.

Til máls tóku Guðmundur Jónsson, Svanhildur Bogadóttir, Helga Jóna Eiríksdóttir og Eiríkur Guðmundsson.

#### **10. Fréttir af húsnæðismálum**

Þjóðskjalavörður kynnti stöðu framkvæmda í húsnæðismálum. Fundur verður með hönnuðum á næstunni. Verkið hefur dregist úr hömlu. Framkvæmdafé er 200 m.kr. Þjóðskjalavörður hefur óskað eftir fundi í ráðuneytinu vegna stöðunnar.



Til máls tóku Guðmundur Jónsson, Svanhildur Bogadóttir, Helga Jóna Eiríksdóttir og Eiríkur Guðmundsson.

#### **11. Frágangur fundargerðar**

Fundargerð var lesin yfir og samþykkt.

Fleira gerðist ekki og fundi slitið kl. 14:45.